

33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna **19.-20. október 2023**

Forgangsröðun í kröfugerð gagnvart SA

Kröfugerð VR/LÍV gagnvart Samtökum atvinnulífsins vegna kjarasamninga 2022, að launaliðnum undanskildum, var lögð fyrir á fundi með fulltrúum samtakanna þann 13. júní 2022. Viðræðuáætlun var samþykkt í ágúst það sama ár.

Eins og kunnugt er voru kjarasamningar undirritaðir í desember það sama ár, með gildistíma frá 1. nóvember 2022 til loka janúar árið 2024. Um var að ræða stuttan samning þar sem áhersla var lögð á launaliðinn og viðræðum um aðra liði kröfugerðarinnar var frestað.

Aðilar samþykktu að hefja viðræður um þessa liði samkvæmt ákveðinni tímalínu sem var hluti samningsins. Þær viðræður hafa átt sér stað í samræmi við þá samþykkt. Hér að neðan eru helstu atriði kröfugerðar VR og LÍV frá árinu 2022, að launalið undanskildum.

- **Aukinn veikindaréttur**
 - Veikindaréttur taki til ungmenna að 18 ára aldri.
 - Fjarvera vegna veikinda telji í hálfum eða heilum dögum.
 - Aukinn sveigjanleiki veikindaréttar vegna veikinda nákominna ættingja.
- **Aukinn orlofsréttur**
 - Réttur til 30 daga orlofs.
 - Orlofsnýting er allt að tvö ár.
 - Launafólk ávinni sér orlofsrétt í fæðingarorlofi.
- **Stytting vinnuvikunnar**
 - Stytt í 32 stundir / 4 daga á samningstímanum.
- **Aukinn uppsagnarréttur**
 - Tryggja starfsfólki með langan starfsaldur lengri uppsagnarfrest.
- **Tryggja réttarstöðu í fjarvinnu**
 - Ákvæði um fjarvinnu sett inn í kjarasamning.
 - Rammasamningur um fjarvinnu tekinn til endurskoðunar.
 - Aukinn sveigjanleiki og frelsi í fjarvinnu.
- **Aukið lýðræði**
 - Atvinnulýðræði - starfsfólk hefur rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn fyrirtækisins
 - Sjóðfélagalýðræði - sjóðfélagar geta kosið fulltrúa í stjórn síns lífeyrissjóðs.
- **Sí- og endurmenntun**

33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
19.-20. október 2023

- Lágmark ein vika á ári til setu í starfstengdu námi án skerðingar á launum.
- **Fagnám í verslun og þjónustu**
 - Námið verði metið til launahækkunar - 7% við lok hvers þriðjung náms.
 - Starfsfólk sem hefur lokið náminu fyrir ráðningu fái hærri laun sem því nemur.

Finna má alla kröfugerðina á vef LÍV

<https://www.landssamband.is/media/lxdc2u2t/undirritud-krofugerd.pdf>